

## Draumurinn að slá í gegn

Tálnfriski leikarinn Ársæll Níelsson hefur verið ígrípa-mikill bæði á sviði og á hvíta tjaldinu undanfarin ár. BB tók hús hjá Ársæli og rakti úr honum gamirnar.

## Kokkteilsósan var fundin upp í Keflavík

„Ég byrjaði einmitt að nota elsta son minn sem tilraunadýr með því að lesa fyrir hann söguna í byrjun og lokasprettinn tók yngsti sonur minn með mér. Það var alveg ómetanlegt að fá þeirra innlegg.“ Þróstur Jóhannesson, tónlistar-maður og rithöfundur er í viðtali vikunnar.



— sjá bls. 10 og 11.



## Óháð fréttablað á Vestfjörðum **BÆJARINS BESTA**

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 27. febrúar 2014 · 8. tbl. · 31. árg. · Ókeypis eintak



## Stelpurnar í rækjunni!

Ewelina Murzyn, Anna Pazurkiewicz og Klaudia Magdalena Lenkiewicz.

**SMIDJAN**  
**VERSLUN**  
**SINDRAGÖTU 12**  
Opíð mánudaga til föstudaga 8-18  
Opíð laugardaga 10-14  
Sími: 456-1300

...fyrir BÍLINN  
...fyrir BÁTINN  
...fyrir HEIMILIÐ  
...fyrir FAGMANNINN  
...fyrir ÞIG!

Kíktu til okkar í Hafnarstræti 9 Ísafirði



Afgreiðslutími:

Virka daga 10:00-22:00

Lau & sun 11:00-22:00

**SUBWAY**

EINFÖLD REIKNIVÉL  
Á **eBOX.IS**

**eBOX**  
auðveldar smásendingar



Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA  
SMÆRRI SENDINGAR



Eimskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskips á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

**EIMSKIP**  
eBOX

# Framleiðsluaukning hjá Einarsson

Steingrímur Einarsson, frumkvöðull á Ísafirði, reiknar með að framleiða 1000 veiðihjól í ár sem er aukning um 200 hjól frá síðasta ári, að því er fram kemur í viðtali við hann í Viðskiptablaðinu. „Við erum bara pínulítið fyrirtæki sem er að berjast á mjög öflugum samkeppnismarkaði. Við erum að kljást við fyrirtæki sem hafa verið í þessu í tugi ára og framleiða tugi þúsunda hjóla á hverju ári. Sum þeirra fyrirtækja sem við erum í samkeppni við voru reyndar stofnuð fyrir aldamótin 1900,“ er haft eftir Steingrími í Viðskiptablaðinu.

Sérstafa Einarsson-hjóla er

fólginn í efninu sem notað er við smíðina en einnig hönnuninni og þá sérstaklega hönnuninni á bremsunni sem er einstæð. Í hjólin er notað sérblandað ál sem keypt er frá Alcoa í Bandaríkjunum. „Við höfum fengið hjálp við þróun hjólanna frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands og einnig fengum við styrk frá Rannís sem hefur hjálpað okkur mikið.“

Áður hefur verið greint frá að í úttekt veiðverslunarinnar Yellowstone Angler í Montanafylki í Bandaríkjunum lenti veiðihjól frá Einarsson í níunda sæti. Úttektir Yellowstone Angler eru víðlesnar og virtar meðal veiðimanna.

Mjög mikil viðbrögð fylgdu í kjölfarið á úttektinni og greindi Steingrímur frá því að hann hafi fengið margar fyrirspurnir frá Bandaríkjunum.

Fyrirtækið Fossadalur ehf. framleiðir Einarsson veiðihjólina og var stofnað fyrir sjö árum. Tvær gerðir af veiðihjólum eru framleiddar í mörgum mismunandi stærðum og eru þau á verðbilinu frá 60 til 140 þúsund krónur. Dýrari gerðin kallast Invictus og þar hafa Steingrímur og samstarfsmenn hans hannað nýjan bremsubúnað sem hefur vakið athygli. Bremsan á því hjóli er mun mýkri en áður hefur þekktst



Ný hönnun og efnisval er sérstafa veiðihjóla Einarsson.

sem þýðir í rauninni að veiðimenn missa færri fiska. Þau seljast aðallega í löndum eins og

Finnlandi og Noregi þar sem menn eru í laxveiðinni í stórum ám og stórum fiskum.

## 230 milljóna hlutafjáraukning Kerecis

Ísfrska líftæknifyrirtækið Kerecis ehf., hefur tryggt 230 milljóna króna hlutafjáraukningu til að halda áfram þróun á lækningavörum sínum. Tveir nýir fjárfestar koma að fyrirtækinu og allir núverandi eigendur fyrirtækisins auka við sinn hlut. Í samtali við Fréttablaðið segir Guðmundur Fertram Sigurjónsson stjórnarformaður að vel hefði gengið að ganga frá fjármögnuninni: „Það er talsverður áhugi hjá fjárfestum að koma að félaginu og komust færri að en vildu. Ég er sérstaklega ánægður með þennan árang-

ur í ljósi þess hversu ungt félagið er.“

Fjárfestarnir sem koma nýir að Kerecis eru í fjárfestahópnum Capital ehf., sem er í eigu Sigurbjörns Þorkelssonar, fyrrverandi bankamanns og eins af eigendum Haga, og 1924 ehf., sem er meðal annars í eigu Haraldar Jónssonar, fyrrverandi forstjóra Innness og stjórnarformanns Haugen Gruppen. Fyrir í fjárfestahóp Kerecis voru Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Omega3 ehf., og vestfirsku sjávarútvegsfyrirtækin Klofningur og Hraðfrystihúsið-

Gunnvör hf.

Fjármunirnir sem nú eru í hendi verða nýttir til að halda áfram þróun á stoðefnum sem ætluð er til notkunar við kvíðsliti, endursköpunar á brjóstum eftir brottnámi vegna krabbameins, og heilabasts.

Þá verður nýtt hlutfé einnig notað til að halda áfram markaðssetningu á MariGen Omega3-vörinni, sem er stoðefni til meðhöndlunar á þrálátum sárum sem eru alvarlegt heilbrigðisvandamál um allan heim.

– harpa@bb.is



Ísfrska líftæknifyrirtækið Kerecis ehf., hefur tryggt 230 milljóna króna hlutafjáraukningu til að halda áfram þróun á lækningavörum sínum.



**Sæludagar**

# INDLAND

Sælkeraréttir frá Indlandi.

**Tikka masala, tandoori og naan brauð.**

Í boði frá hádegi á föstudag og alla helgina.

Verð kr. 2.200.-

## VIÐ POLLINN

Veitingar á Hótel Ísafirði



Pantanir og frekari upplýsingar í síma 456-4111



## Fjárkúgunarmálið: Neitar sök

Málflutningur í fjárkúgunarmáli gegn karlmanni á fertugsaldri fór fram í síðustu viku hjá Héraðsdómi Vestfjarða og neitaði ákærði sök. Maðurinn er ákærður fyrir tilraun til að kúga 100 milljónir króna út úr hjónum á Ísafirði. Í ákærinni segir að maðurinn sé kærður fyrir að hafa á síðasta ári reynt kúga 100 milljónir króna frá hjónum, með hótunum um að beita líkamlegu ofbeldi. Í ákærinni segir einnig að maðurinn hafi póstlagt bréf í Bolungarvík í lok október og sent í pósthólf hjónanna á Ísafirði með ógnandi fyrirmælum um að hann ætti að greiða sér framangreinda fjárhæð í reiðufé fyrir ákveðna dagsetningu.

Í bréfinu voru gefin upp nánari fyrirmæli um hvar og hvenær ætti að útvega hluta fjárhæðarinnar með úttektum í tilteknum bankaútibúum í Reykjavík og einnig að fylgst yrði með ferðum hans við útibúin og að frekari fyrirmæli um afhendingu yrðu veitt síðar með smáskilaboðum í farsíma. Bréfinu fylgdi maðurinn eftir með því að senda ógnandi smáskilaboð, fjóra daga í nóvember, í farsíma fólksins. Fólkið kærði hótanirnar til lögreglu sem hafði uppi á manninum. Auk þess að sæta ákæru frá ríkissaksóknara krefst fólkið þriggja milljóna króna í miskabætur.

– smari@bb.is



## NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ PÓSTINN RAFRÆNT

Með Skönnunarþjónustu Póstsins nýtir þú þér nútímatæknina og minnkar pappírflóðið. Við skönnum inn nafnamerkta póst og sendum þér rafrænt. Þú kemur skipulagi á póstinn þinn og getur nálgast hann þegar þér hentar.

**Kynntu þér málið á [www.postur.is](http://www.postur.is)**

**VIÐ KOMUM ÞVÍ TIL SKILA – RAFRÆNT**

PHOTO: HOBBS/SHUTTERSTOCK





**Útgefandi:** Gúttó ehf., kt. 680501-2620  
**Afgreiðsla og ritstjórn:** Silfur götu 1, Ísafirði, sími 456 4560  
**Ritstjóri BB og bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is  
**Ábyrgðarmenn:** Halldór Sveinbjörnsson, Sigurjón J. Sigurðsson.  
**Blaðamenn:** Harpa Oddbjörnsdóttir, 846 7487, harpa@bb.is  
 Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is  
**Auglýsingar:** Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is  
**Prentvinnsla:** Litróf ehf.  
**Upplag:** 2.200 eintök  
**Dreifing:** Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfirðum  
 www.bb.is / facebook.com/pages/bb.is  
**Stafræn útgáfa:** Á ferð um Vestfirði  
**Önnur útgáfa:** ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfundum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánuðögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

## Ritstjórnargrein

# „Svona gerist þetta“

„Margar og brattar brekkur mæta okkur, þegar unnið er að því að setja niður opinber störf á landsbyggðinni. En leiðin er ólíkt greiðari þegar stofnað er til slíkra starfa á höfuðborgarsvæðinu. Það gerist með næsta sjálfvirkum hætti.“ Tilvísunin er í grein Einars K. Guðfinnssonar, alþingismanns, og nú forseta Alþingis, á bb.is. 21. nóv. 2012. Í greininni rekur þingmaðurinn hvílfur reginismunur er á afstöðu hins opinbera til stöðufjölgunar í þéttbýlinu á suðvesturhorninu og á landsbyggðinni.

Eftir að hafa dregið fram tvö dæmi, máli sínu til stuðnings, annars vegar eftirlit með innflutningi á lækningatækjum og hins vegar innheimtu veiðigjalds, lýkur Einar greininni með þessum orðum: „Á sama tíma og þetta er allt að gerast, samþykktum við lög um starfsemi Fjölmenningssetursins á Ísafirði. Þetta var mikilvægur áfangi í starfi þessarar mikilvægu, litlu, en vel reknu stofnunar, sem var sett á laggirnar á sínum tíma að frumkvæði okkar þingmanna þáverandi Vestfirðakjördæmis fyrir um áratug síðan. En eftirtektarvert var að þegar málið kom nú í haust til umfjöllunar í velferðarnefnd Alþingis, þar sem ég á sæti, komu á fund okkar fulltrúar, Reykjavíkur, höfuðborgarinnar. Þeir áttu eitt erindi við okkur. Þeirra erindi var að krefjast þess að þessi góða stofnun yrði flutt frá Ísafirði. Töldu fulltrúar Reykjavíkurborgar „naudsýnlegt að starfsemi Fjölmenningsseturs eða a.m.k. ráðgjöf til innflytjenda um réttindi þeirra og skyldur sé staðsett á höfuðborgarsvæðinu“ eins og orðrétt segir í umsögn þeirra.“

Það verður engu lagið um viðhorf „krefisins“ til landsbyggðarinnar, víðast hvar; tillitsleysi og misnotkun valds, sem opinberar ótta „aðalsins“ um valdamissi til þess hluta þjóðarinnar sem býr utan borgarmarkanna: „Baráttan fyrir því að opinber störf séu staðsett utan höfuðborgarsvæðisins er sífelld og ströng. Kerfið malar hins vegar allt í hina áttina,“ segir Einar Kristinn og hefur lög að mæla. Stjórnarformaður Bygðastofnunar hefur tekið dýrpa í árinna og sagt að um tveggja alda skeið hafi þéttbýlið á suðvesturhorni landsins notið markvissrar og samfelldrar byggðastefnu með skipulögðum flutningi allra helstu menningar- og valdastofnana landsins til Reykjavíkur. Greinilega þykir enn óhæfa að missa spón úr aski af nægtarborðinu.

Þegar reitt er til höggis með jafn óskammfeilnum hætti og þingmaðurinn lýsti, af fulltrúum höfuðborgarinnar, verða fulltrúar okkar á Alþingi að mæta með krepptum hnefa: einn fyrir alla, allir fyrir einn. Öflug sókn er besta vörmin. Tíminn flýgur frá okkur. Saxa verður upp tap undanfarna áratugi. Við væntum mikils af þingmönnum okkar og spörum ekki alltaf gagnrýnina. En við berum líka þær skyldur að standa þeim að baki. Grein Einar Kristins var þörf áminning. „Svona gerist þetta“ er ekki náttúruleg, heldur ólíðandi mismunur á réttindum þegnanna, sem verður að uppræta, tafarlaust.

s.h.

## Spurning vikunnar

Hefur þú ferðast um friðlandið á Hornströndum?

Alls svöruðu 544.  
 Já sögðu 336 eða 62%  
 Nei sögðu 208 eða 38%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

# Kynferðisbrotamál gegn tveimur mönnum fellt niður

Ríkissaksóknari hefur fellt niður mál gegn tveimur mönnum sem handteknir voru um miðjan desember vegna gruns um að þeir hefðu brotið kynferðislega gagnvart ungri konu í húsi á Ísafirði. Að sögn Daða Kristjánssonar saksóknara hjá embættinu þótti það sem fram kom við rannsóknina ekki nægilegt eða líklegt til

sakfellis, sbr. 145. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála.

Lögreglan á Ísafirði handtók alls fimm menn að morgni 14. desember á síðasta ári eftir tilkynning hafði borist um að kynferðisafbrot hefði átt sér stað í húsi á Ísafirði. Ung kona var flutt til skoðunar þá um nóttina á Heilbrigðisstofnun Vestfirðna á

Ísafirði þar sem hún naut einnig aðhlyningar. Öllum mönnum var síðar sleppt en tveir þeirra fengu réttarstöðu grunaðra og voru síðan úrskurðaðir í farbann til 17. febrúar en allir fimm eru af erlendu bergi brotnir.

Rannsókn málsins gekk vel að sögn lögreglu og voru margir yfirheyrðir í tengslum við hana.

## „Legið í loftinu frá fyrsta degi að til stæði að fella málið niður“

Kristján Óskar Ásvaldsson, lögmaður hjá Pacta á Ísafirði, verjandi annars manna sem voru með réttarstöðu sakborninga í kynferðisbrotamáli sem kom upp á Ísafirði í desember, segir í samtali við mbl.is að skjólstæðingur sinn sé nú að íhuga stöðu sína í ljósi ákvörðunar embættis ríkissaksóknara um að fella málið niður. Kristján Óskar hefur óskað eftir því við lögreglu að fá afhent rannsóknargögn og á von á því að þau berist annað hvort á morgun eða á mánudag. Mennirnir voru sakaðir um að hafa brotið kynferðislega gegn konu í húsi á

Ísafirði aðfaranótt 14. desember.

Upphaflega voru fimm erlendir menn handteknir en tveir þeirra fyrrgreindu fengu síðan stöðu sakborninga í málinu og voru þeir úrskurðaðir í farbann til 17. febrúar. Þann 13. febrúar felldi ríkissaksóknari málið niður þar sem það sem fram kom við rannsóknina þótti ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis. Kristján Óskar segist vera skoða réttarstöðu skjólstæðings síns og kannar hugsanlegan bótarétt, en ekkert liggja fyrir að svo stöddu. Þá segir hann að samkvæmt sínum upplýsingum hafi það legið í loftinu

frá fyrsta degi rannsóknarinnar að til stæði að fella málið niður á hendur mönnum.

Grímur Sigurðarsson, hjá Opus lögmönnum, er verjandi hins mannsins. „Minn umbjóðandi er að hugsa málið og skoða réttarstöðu sína,“ sagði Grímur í samtali við mbl.is. Grímur segir að málið hafi verið mikið áfall fyrir skjólstæðing hans og hann viti ekki alveg hvernig hann eigi að haga sér í þessu máli. Aðspurður segist hann ekki enn hafa farið fram á að fá rannsóknargögn afhent.

– harpa@bb.is

## Orðalagið ekki frá lögreglunni komið

„Ég átta mig ekki á þessu orðalagi lögmansins, þ.e.a.s. hafi þetta verið haft orðrétt eftir honum. Sé svo lýtur hann að vísa til eigin skoðunar. En hann, eins og aðrir verjendur sakborninga, eru upplýstir um innihald þeirra gagna sem lögreglan hefur undir höndum og er viðstaddur yfirheyrslur yfir skjólstæðingum þeirra. Málsatvik eru því verjendum ljós eins og skjólstæðingum þeirra á rannsóknarstigi,“ segir Hlynur Snorrason yfirlögregluþjónn á Ísafirði um ummæli Kristjáns Óskars Ásvaldssonar, verjanda annars manna sem voru með réttarstöðu sakborninga í kynferðisbrotamáli sem kom upp á Ísafirði í desember.

Mbl.is hafði eftir Kristjáni Óskari að það hefði „legið í loftinu frá fyrsta degi að til stæði að fella málið niður.“ Eins og fram hefur komið felldi embætti ríkissaksóknara málið niður þann 13. febrúar. „Í þessu umrædda máli, sem og öðrum, rannsakar lögreglan mál með það að markmiði að upplýsa málsatvik þannig að hægt sé, fyrir ákærvaldið, að ákveða hvort mál sé líklegt til sakfellis eða ekki. Málið var rannsakað og að því búnu sent ríkissaksóknara til ákvörðunar



Kristján Óskar Ásvaldsson, lögmaður.

sem síðan ákvað að gefa ekki út ákæru eins og komið hefur fram. Þetta orðalag, að það hafi legið í loftinu frá fyrsta degi að til stæði að fella málið niður, er ekki frá lögreglunni komið, enda er ákvörðun um slíkt tekin hjá ríkissaksóknara,“ segir Hlynur.

Aðspurður um málið segir Kristján Óskar: „Það er rangt að álykta að það hafi „legið í loftinu frá fyrsta degi að til stæði að fella málið niður.“ Ég veit ekki hvað lá á bak við niðurstöðu ríkissaksóknara um niðurfellingu málsins. Nú hef ég einungis upplýsingar frá mínum umbjóðanda og var viðstaddur skýrslutöku hans og þær bentu til þess að málið hafi ekki verið líklegt til sakfellingar, en ég get ekki tjáð mig um niðurstöðu ríkissaksóknara enda ekki með gögn málsins, t.d. þau er komu frá brotaþola. Þetta mál hefur valdið mörgum þjáningu og að ég vil því forðast að fjalla efnislega um það í fjölmiðlum, með tilliti til aðila þess.“

# Albertína Friðbjörg og Gísli Halldór útiloka ekki framboð fyrir Bjarta framtíð

„Það er ekki búið að ákveða hvort það verði yfirhöfuð boðið fram í Ísafjarðarbæ,“ segir Albertína Friðbjörg Elíasdóttir um framboð Bjartrar framtíðar í Ísafjarðarbæ. Heiða Kristín Helgadóttir, stjórnarformaður Bjartrar framtíðar, og Óttarr Proppé, þingmaður flokksins, funduðu á Ísafirði á föstudag með áhugamönnum um framboð flokksins fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor. Albertína hefur settið í bæjarstjórn fyrir Framsóknaflokkinn síðan 2010 en ætlar ekki að bjóða sig fram fyrir flokkinn í vor. Það hefur ekki verið leyndarmál að Albertína hefur ekki verið á sama máli Framsóknaflokksins í



**Albertína F. Elíasdóttir.** veigamiklum málum á landsvísu. Um framboð Bjartrar framtíðar



**Gísli Halldór Halldórsson.** segir Albertína: „Næsta skref er að stofna félag í bænum. Björt

framtíð stendur fyrir öðruvísi umræðu og öðruvísi þælingum um pólitík en þessir hefðbundnu flokkar og ég held að fólk í Ísafjarðarbæ sé að kalla eftir því eins og aðrir landsmenn.“ Aðspurð hvort hún ætli að taka sæti á lista Bjartrar framtíðar verði af framboði segir Albertína ekki tímabært að ræða það. „Ég hef gaman af sveitarstjórnarmálum en ég er ekkert endilega að sækjast eftir sæti á lista. Þetta er ekki komið á það stig.“

Annar sitjandi bæjarfulltrúi sem hefur verið orðaður við framboð fyrir Bjarta framtíð er Gísli Halldór Halldórsson, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

Hann útilokar ekki að hann bjóði sig fram. „Ég vil ekki útiloka það en ég hef heldur ekki unnið að því. Ég hef hvorki sóst eftir því né vísað því frá mér. Ég er ekki desperat í að vera bæjarfulltrúi. Ef ég væri það þá hefði ég sjálfsagt boðið mig fram í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins,“ segir Gísli. Hann hefur settið í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar frá 2006 en tók ekki þátt í prófkjöri flokksins í byrjun mánaðarins. Þegar Gísli tilkynnti að hann myndi sig ekki fram í prófkjöriinu sagði hann samhljóm skorta hjá sér og öðrum sjálfstæðismönnum sem hafa sig í frammí í sveitarfélaginu. – smari@bb.is

## Fer fram á endurskoðun stoðvirkja í Kubba

Gauti Geirsson, tólfti ætliður í beinan karlegg, sem býr undir fjallinu Kubba í Skutulsfirði, hefur farið fram á það við Ísafjarðarbæ að framhald framkvæmda við ofanflóðavarnir í fjallinu verði endurskoðað vegna sjónmengunar frá stoðvirkjum í hlífum fjallsins og endurmetið hvort ekki sé hægt að falla frá stoðvirkjunum og lengja varnargarðinn. Í bréfi Gauta til bæjarins segir meðal annars: „Snjóflóðavarnir undir Kubba hafa verið umdeildar, aðallega vegna umfangs mannvirkjanna og þá helst

þeirra stoðvirkja sem þar eiga að rísa, 1.900 metrar af 3 metra háu galvaniseruðu járn sem ná frá efstu klettum í Kubba niður undir fjallsrætur. Ekki nóg með járnvirkið heldur á einnig að leggja veg upp snarbratta hlíf ofan Hafrafells í Engidal til að koma efni á staðinn.“

Hann vitnar til umsagnar Línuhönnunar um sjónræn áhrif framkvæmdanna en þar segir: „Þeir einstöku þættir í landslaginu sem helst hafa gildi í Skutulsfirði eru Naustahvilt, Eyrarfjall og Kubbinn.“ Gauti segir að skýrsluhöf-

undar hafi gleymt einstöku þáttum landslagsins og vitnar til niðurlags skýrslunnar: „Landslagsþættir og svæði sem telja má að séu mikilvæg í Skutulsfirði, s.s. ásýnd Eyrarfjalls, Naustahvilt og dalirir beggja vegna Kubbans verða ekki fyrir áhrifum af framkvæmdunum.“

Í bréfi Gauta segir að í umsögn Umhverfisstofnunar í umhverfismati segi: „Í ljósi þeirra neikvæðu sjónrænu áhrifa sem framkvæmdir í hlífum Kubba ofan þvergarðs munu hafa í för með sér telur stofnunin að gera verði t.d. grein

fyrir hvort unnt sé að hanna þvergarð með þeim hætti að hann veiti Holtahverfi fullnægjandi vernd fyrir snjóflóðum úr fjallinu án tilkomu stoðvirkja.“

Helstu rök verkfræðistofunnar VST gegn því að lengja garðinn er að hann myndi leggja yfir vegtengingu Holtabrautar inn í Stórholt og mjög þröngt yrði um efstu hús í Kjarrholti og enn frekar yrði þröngt að blokkinni í Stórholti 7. Einnig segir VST að hraði snjóflóðs úr Kubba yrði mun meiri og að óvissa um virkni garðsins aukist mjög með auknum hraða og yrði utan ásættan-

legra marka með tilliti til nálægðar húsa við garðinn.

Gauti segir að það verði að vege meta til lengri tíma hvort vegi þyngra, aukin þrængslu í hverfinu eða sjónmengun frá stoðvirkjunum. Hann leggur til að það verði ítarlega skoðað hvort ekki verði hægt að lengja garðinn og koma í „veg fyrir það umhverfisslys sem er í uppsiglingu.“ Umhverfisstofnun hefur óskað eftir samantekt og greiningu á þeim kostum sem í boði eru til að draga úr umhverfisáhrifum, sér í lagi sjónrænum. – smari@bb.is



Reynt verður að taka upp efni sem spannar ár í lífi refafjölskyldu.

## Mynda ár í lífi refafjölskyldu

„Dagskrárgerðarfólkið verður hér dagana 21.-28. mars,“ segir Jónas Gunnlaugsson hjá Melrakkasetri Íslands í Súðavík, en eins og greint hefur verið frá hér í BB, hefur breska ríkissjónvarpið BBC ákveðið að heimsækja setrið til að taka upp efni fyrir dýralífsþáttaröðina Natural World,

sem telur nú 24 þáttaröðir. Meðal annars mun sjónvarpsfólkið taka upp á Hornströndum, þar sem nóg er af íslenska melrakkanum, eina upprunalega spendýrinu hérlandis.

Tökur hefjast í lok mars en síðan verður tökumaður frá BBC meira eða minna hérlandis út árið

þar sem reyna á að taka upp efni sem spannar ár í lífi refafjölskyldu auk innskota um fólkið sem rannsakar dýrin og hugmyndafræðina sem Melrakkasetrið stendur fyrir. Fimm manns verða í teyminu sem vinna meðal annars við handrit og efnistösk, ritstjórn og klippingu.



### Kynningar- og samráðsfundur

#### Landsskipulagsstefna 2015-2026

Lýsing Landsskipulagsstefnu 2015-2026 verður kynnt þriðjudaginn 4. mars klukkan 15:00-17:00 í Háskólasetri Vestfjarða, Suðurgötu 12, Ísafirði.

#### Dagskrá fundar:

Lýsing Landsskipulagsstefnu 2015-2026

Kynning á lýsingu, umræður og fyrirspurnir

Hverjar eru þínar áherslur fyrir Landsskipulagsstefnu 2015-2026?

Hópavinna, umræður um áherslur

Samantekt hópavinnu

Allir sem hafa áhuga á að taka þátt í fundinum eru beðnir að tilkynna það á netfangið: [landsskipulag@skipulagsstofnun.is](mailto:landsskipulag@skipulagsstofnun.is).

Hægt er að nálgast lýsinguna á vef landsskipulagsstefnu [www.landsskipulag.is](http://www.landsskipulag.is).

# Telja sig skorta forsendur til að krefjast mats á umhverfisáhrifum

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar telur sig ekki hafa forsendur til að krefjast þess að fyrirhugað sjókvældi Dýrfisks ehf., sem sótt hefur um leyfi fyrir stækkun á rekstrarleyfi á eldi á regnbogasilungi í Ísafjarðardjúpi úr 200 tonnum í 4.000 tonn, sæti mati á umhverfisáhrifum, að því er fram kemur í bókun nefndarinnar. Þá telur nefndin miður að enga stefnumörkun stjórnvalda sé að finna um sjókvældi í Ísafjarðardjúpi fremur en annars staðar. „Sérstaklega er þetta slæmt í ljósi þess að sveitarfélögin hafa ekki skipulagsvald yfir aðliggj-

andi strandsvæðum, fjörðum og flóum. Gerð nýtingaráætlunar fyrir Ísafjarðardjúp á vegum sveitarfélaga við Ísafjarðardjúp er reyndar hafin, fjárskortur kemur hinsvegar í veg fyrir að hægt sé að halda henni áfram og því ekki útlit fyrir að henni ljúki á allra næstu árum,“ segir í bókun nefndarinnar.

„Slík nýtingaráætlun hefur ekki lögformlegt gildi eins og þyrfti að vera, þó hún sé vissulega stefnumarkandi og sveitarfélögum og atvinnulífi til mikils gagns. Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar vill því ítreka þá skoðun sína að

æskilegt er að sveitarfélög ráði skipulagi strandsjávar út að einni sjómílu frá grunnlínu. Ef svo væri má jafnvel gera ráð fyrir að nýtingaráætlun fyrir Ísafjarðardjúp væri þegar lokið. Sú skoðun umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar og bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, að sveitarstjórnir skuli hafa ákvörðunarrett í máli sem þessu hefur margsinnis komið fram, t.d. varðandi leyfisveitingar til fiskeldis á Vestfjörðum, sem nú er í örum vexti. Enn sem komið er hefur Alþingi ekki gert breytingar sem tryggja raunhæfa aðkomu sveitarstjórna að slíkum málum,“ segir í bókun.

Umhverfisnefnd vísar í 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum en viðaukinn fjallar um viðmiðanir við mat á framkvæmdum tilgreindum í 2. viðauka. „Þó er mikilvægt í ljósi greinar 1.v. í 3. viðauka laganna, m.a. með tilliti til ofangreinds ágalla á íslenskr stjórnsýslu að því er varðar stefnumörkun á strandsvæðum utan netlaga, að gerð verði ítarleg grein fyrir áhrifum þeim sem eldið kann að hafa á hefðbundna nýtingu svæðisins s.s. fiskveiðar, rækjuveiðar og ýmsa hlunnindanýtingu og að haft verði samráð við þá nýtingaraðila um tilhögun eldisins,“ segir í bókun. Einnig að nauðsynlegt sé að gert verði hættumat og viðbragðsáætlanir um viðbrögð við slyssleppingum laxfiska vegna laxveiðianna



ÍSAFJARÐARBÆR

## SUNDLAUGIN Á FLATEYRI - BARNALAUG - VAÐLAUG

Ísafjarðarbær óskar eftir tilboðum í verkið „Sundlaug Flateyri, barnalaug - vaðlaug.“ Um er að ræða uppsteypu og frágang á barnalaug og vaðlaug við sundlaugina á Flateyri.

Helstu stærður eru:

Steypa 16m<sup>3</sup>

Bendistál 1.500 kg

Lagnir 240m

Verkið skal vera að fullu lokið 20. júní 2014. Útboðsgögn verða til sýnis og sölu á krónur 3.000.- hjá Ísafjarðarbæ, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði frá og með 25. febrúar 2014. Tilboðin verða opnuð hjá Ísafjarðarbæ í Stjórnsýsluhúsinu, 2. hæð, 11. mars 2014, kl. 11:00, að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

## Auglýsing um starfsleyfistillögur

Dagana 18. febrúar til 19. mars 2014 munu starfsleyfistillögur fyrir neðangreinda starfsemi, ásamt tilheyrandi starfsreglum, skv. 1. málsg. 9. gr. reglugerðar nr. 785/1999, með síðari breytingum liggja frammi á skrifstofu Heilbrigðiseftirlitsins að Aðalstræti 21, Bolungarvík og á skrifstofum viðkomandi bæjarfélaga, að Hafnarstræti 1, Ísafirði og Aðalstræti 12, Bolungarvík.

**Ísafjarðarbær - Engidalur, Móttökustöð, Engidal, Ísafjarðarbæ.**

**Landsnet hf., varaafstöð, Bolungarvík.**

Rétt til athugasemda hafa eftirtaldir aðilar:

1. Sá sem sótt hefur um starfsleyfi svo og forsvarsmenn og starfsmenn tengdrar eða nálagrar starfsemi.
2. Íbúar þess svæðis sem ætla má að geti orðið fyrir óþægindum vegna mengunar.
3. Opinberir aðilar, félög og aðrir sem málið varðar.

Skriflegar athugasemdir skal senda til heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis, Aðalstræti 21, 415 Bolungarvík.

við Ísafjarðardjúp. Hagnýting fjarða og flóa við strendur Íslands sé mjög vandasamt og flókið mál sem þarfnist viðtæks undirbúnings og samstarfs áður en til ákvarðana kemur.

„Verkefni Fjórðungssambands Vestfirðinga, sem nú er unnið að og lýtur að hagnýtingu strandsvæða á Vestfjörðum, er enn á frumstígu, en við verkefnið eru bundnar miklar vonir, sem auð-

velda munu ákvarðanatöku í slíkum málum í framtíðinni. Meðan nýtingaráætlun liggur ekki fyrir í Ísafjarðardjúpi er æskilegt að leyfi séu ekki veitt til of langs tíma og að komið verði í veg fyrir að hefðarréttur geti myndast á fiskeldisleyfum. Í því samhengi má til framtíðar benda á möguleika þessa að stýra eftirspurn í leyfi með leyfisgjöldum,“ segir í bókun nefndarinnar.



Dýrfiskur er með kvíar á Suðurfjörðunum, Dýrafirði og Önundarfirði.

## Dýrfiskur vill 4000 tonna eldi í Djúpinu

Fiskeldisfyrirtækið Dýrfiskur hefur sótt um leyfi fyrir stækkun á rekstrarleyfi á eldi á regnbogasilungi í Ísafjarðardjúpi úr 200 tonnum í 4.000 tonn. Fyrirtækið stefnir á að ala lífrænt vottaðan regnbogasilung. Eldið verður árgangaskipt, þ.e. skilið verður milli kynslóða og eldissvæði hvíld til að tryggja sjálfbæra endur-

nýjun umhverfisþátta og hindra að sjúkdómar berist milli kynslóða. Umsókn Dýrfisks er í umsagnarferli um hvort og á hvaða forsendum stækkunin skuli háð umhverfismati. Kvíar Dýrfisks munu verða við Snæfjallaströnd.

Umhverfisstofnun segir í umsögn sinni að ekki sé líklegt að framleiðsluaukningin hafi umtalsverð

umhverfisáhrif í för með sér. Skipulagsstofnun úrskurðar endanlega hvort stækkunin fari í umhverfismat. Nýlega tilkynnti Hraðfrystihúsið - Gunnvör að fyrirtækið hyggist á 6.800 tonna regnbogasilungselði á þremur stöðum í Ísafjarðardjúpi og vinnur fyrirækið hörðum höndum að því að fá tilskilin leyfi.



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og úttarar okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu

**Kristínar Jónínu Kolbeinsdóttur (Gínu)**  
öldrunardeild Sjúkrahússins á Ísafirði

Sérstakar þakkir til alls starfsfólks Dvalarheimilisins á Hlíf og Sjúkrahúss Ísafjarðar fyrir einstaka aðhlyningu og umönnun.

Sigríður María Gunnarsdóttir Friðrik Sigurðsson  
Þórdís Elín Gunnarsdóttir Sigurður Jarlsson  
Brynja Gunnarsdóttir Haraldur Guðmundsson  
barnabörn og barnabarnabörn.



**1898**  
krónur kg

Kjarnafæði Valið lambasaltkjöt



**498**  
krónur kg.

Kjarnafæði Ódýrt lambasaltkjöt



**298**  
krónur kg.

Kjöttv. Akureyrar Saltaðir síðubitar



**1998**  
krónur kg

Sláturfélagið Valið saltkjöt

**45% minna salt**



**1098**  
krónur kg

Íslandslamb Blandað saltskert lambasaltkjöt



**1098**  
krónur kg

Saltað hrossakjöt úrbeinað úr fillet



**1598**  
krónur kg

Bónus Bacon/beikon



**298**  
krónur 1 kg.

Danskar Gulrætur 1 kg.



**95**  
krónur kg.

Laukur í lausu



**398**  
kr. 14 stk.

Bónus Vatnsdeigsbollur 14 stk.



**198**  
kr. 280ml

Bónus Bollu súkkulaðiglassúr 280ml



**459**  
kr. 725ml

Bónus Rjómi 725ml



**298**  
kr. 400g

Kjarna Sultur: jarðarberja, blönduð berja og bláberja



**259**  
kr. 300g

HEIMA Suðu súkkulaði 300g



## Kirkjubjónn

Sóknarnefnd Ísafjarðarkirkju óskar eftir að ráða kirkjubjón til starfa. Starfið er fjölbreytt og felur m.a. í sér meðhjálpastarf og útfarir, vinnu við safnaðarstarf kirkjunnar, skrifstofuvinnu, ræstingar o.fl. Óskað er eftir manneskju sem hefur frumkvæði og með góða hæfni í mannlegum samskiptum. Umsóknarfrestur er til. 25. mars nk.

Upplýsingar gefur Björn Baldursson formaður sóknarnefndar í síma 848 4878 eða á netfanginu vigur@simnet.is.



## Caterpillar 936

Til sölu er Caterpillar 936 vél, árgerð óviss en talin vera árgerð 1984. Vélin selst í því ástandi sem hún er í með malarskóflu og gaffli. Allar upplýsingar um vélina fást á skrifstofu Ísafjarðarhafnar.

Óskað er eftir tilboðum og skal þeim skilað á hafnarsskrifstofuna eigi síðar en á hádegi 5. mars.

**Hafnarstjóri Ísafjarðarhafna.**

# Fimm karlmenn ákærðir fyrir vörslu amfetamíns

Fimm karlmenn, allir í kringum tvítugt, hafa verið ákærðir fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, auk þess sem einn þeirra er einnig ákærður fyrir umferðarlagabrot. Mennirnir fimm höfðu lagt af stað akandi 13. maí 2013 frá Reykjavík áleiðis til Ísafjarðar en voru stöðvaðir af lögreglu á Vesturlandsvegi, til móts við Hafnarskóg. Ákæran er í þremur liðum og snýr sá fyrsti ein-

ungis að bílstjóranum fyrir að hafa ekið bílnum, ófær um að stjórna henni örugglega vegna neyslu MDMA (alsælu) og amfetamíns.

Annar liður snýr að öllum fimm en þar eru þeir ákærðir fyrir að hafa haft sameiginlega í vörslum sínum 18.83 grömm af amfetamíni, sem falið var í bílnum, en efnið fannst við leit eftir að bíllinn hafði verið stöðvaður. Þriðji

liðurinn snýr einungis að farþegum bílsins en þeir eru ákærðir fyrir að hafa haft sameiginlega í vörslum sínum 1.32 grömm af maríhuána sem falið var í bílum og fannst við leit lögreglu. Þess er krafist að mennirnir verði dæmir til refsingar og greiðslu alls sakakostnaðar auk þess sem að bílstjóri verði sviptur ökuréttindum. Þá er þess krafist að fíkniefnin verði gerð upptæk með dómi.



Stjórnarsýsluhúsið á Ísafirði.

## Eykur hlutafé sitt í Hvetjanda

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að taka þátt í hlutfjárukningu hjá eignarhaldsfélaginu Hvetjanda hf. Ísafjarðarbær eykur hlutafé sitt um 20 milljónir króna á genginu 1. Bæjarráð lagði til við bæjarstjórn að samþykkja hlutfjárukninguna eftir framlagningu minnisblaðs frá Shiran Þórisssyni, framkvæmdastjóra Hvetjanda. Á fundi bæjarstjórnar á fimmtudag, lagði Jóna Benediktsdóttir, bæjarfulltrúi Í-

listans fram eftirfarandi bókun vegna málsins.

„Í listinn fagnar því að nú eigi að auka hlutafé í Hvetjanda og treystir því að það verði atvinnulífinu á svæðinu til gagns. Mikilvægt er að vestfirskt atvinnulíf hafi öflugan fjárfestingasjóð að leita í og í ljósi þess að Hvetjandi fer með almannafé er mikilvægt að bæjarráð sé upplýst reglulega um gang mála.“ Hvetjandi hf. eignarhaldsfélag var

stofnað í janúar 2004. Félagið var stofnað í framhaldi af samþykkt þingsályktunar á Alþingi um byggðamál árið 1999 þar sem Bygðastofnun var heimilað að taka þátt í stofnun eignarhaldsfélaga með 40% framlagi á móti 60% framlagi heimamanna í formi hlutfjár. Var fjármagninu ætlað að styrkja atvinnubrúnnarmál í kjördæmum landsins. Félagið er í eigu Bygðastofnunar og sveitarfélaga fleiri á Vestfjörðum.

# Evrópusambandið og Ísland

Þessi orð eru sett á blað um þær mundir er tillaga ríkisstjórnarinnar um viðræðuslit Íslands og Evrópusambandsins vegna aðildarumsóknar hins fyrnefnda, að hinu síðarnefnda kemur fram á Alþingi. Af hálfu stjórnarandstöðunnar og mál gagns hennar, Fréttablaðsins, er nú farið miklum hamförum og hávær hróp um svik við kjósendur stöðugt á vörum, hrjótandi úr pennum og spýttast út úr alls kyns tölvum. Í allri þessari umræðu gleymist að ekki hefur verið um nokkurn skapaðan hlut að semja því annað hvort koma ríki inn í Evrópusambandið á forsendum þess eða þau koma ekki neitt. Undanþágur frá reglum þess og lögum eru fáar og skammlífar ef marka má söguna og reynsluna. Það er mjög skiljanlegt ella gengi illa að halda sambandinu saman. Einkum hefur þetta orðið ljósara eftir að vandræði í efnahagslífi á hinu svokallaða Evrusvæði urðu ljósari og stöðugt einbeittari skoðanir á lofti um sambandsríki, ekki samband.

Fyrrum formaður Sjálfstæðisflokksins, hinn ágætasti maður, sem upplifði einn stærsta ósigur flokksins í alþingiskosningum 1987 eftir klofningsframboð út úr flokknum virðist sjá fyrir sér nú, að hugsanlega verði stofnaður nýr stjórnsmálflokkur frjálslyndra hægri manna. Allt er þetta því að kenna að ríkisstjórnin hefur nú

tekið ákvörðun sem í raun byggist á sáttmála þeirra flokka sem hana mynda. Við þessu var að búast og formaður Samfylkingar sem upplifað hefur einn stærsta ósigur þess flokks í alþingiskosningum, en það gerðist í þeim síðustu, hefur fram til þessa farið mikinn og rætt og skrifað um svik við íslenska kjósendur. En er það svo? Ekki skal tekin afstaða til þess hér, þó vart verði það greint af niðurstöðu síðustu alþingiskosninga, en var augljóst í þeim næstu á undan þegar Vinstri grænir sviku algerlega loford sitt um að aldrei skyldi farið með Ísland í Evrópusambandið. Síðan sviku bæði Samfylking og Vinstri grænir loford í stjórnarsáttmála um að umsóknarferlið tæki skamman tíma líkt og nýr formaður Samfylkingarinnar hafði marg oft miklar yfirlýsingar um og ferlinu yrði lokið innan síðasta kjörtímabils.

Samkvæmt þessu eru allir svikarar þegar að Evrópusambandinu kemur, nema það sjálft sem liggur ekki á þeirri skoðun að ekkert sé til að semja um þótt horft sé í augu einstakra manna. Hitt er aftur annað mál hvort ekki hefði átt að beita meiri kænsku og leysa málið á þessu stigi á diplómáttiskan hátt og skella ekki hurðum. Klofni þjóðin um þetta mál nú verður hér ástand kalda Stríðsins. Það er ógott.

## Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málfeinum hafa oft verið umdeildar og vak- ið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.



KISSFM Í SAMSTARFI VIÐ:

Hertz

FLUGFÉLAG ÍSLANDS



HÓTEL  
Ísafjörður

**28. FEB**

**103.9**  
**KISSFM**  
ICELAND'S #1 HIT MUSIC STATION

ÍSAFJÖRÐUR  
HERE WE COME!



MORGUNPÁTTURINN DÝRAGARÐURINN VERÐUR  
Í BEINNI ÚTSENDINGU FRÁ ÍSAFIRÐI MILLI KL 07-10

[WWW.KISSFM.IS](http://WWW.KISSFM.IS)

# Kokkteilsósan var fundin upp í Keflavík

Ísfirski Keflvíkingurinn Þröstur Jóhannesson gaf út fyrir jól sína fyrstu skáldsögu, sem heitir Sagan af Jóa, en Þröstur hefur fyrst og fremst verið þekktur fyrir tónlist sína. Athygli hefur vakið að bókin tekur á málefnum sem sjaldan er tæpt á í barnabókmenntum eða hvernig það er fyrir barn að lifa af í heimi áfengis-sýkinnar. Sagan hefur hlotið góðar viðtökur og er Þröstur nú þegar byrjaður á næstu skáldsögu. Hann hefur þó ekki sagt skilið við tónlistina en segist aðspurður verða að hlaða batterín á þeim vígstöðunum.

Eins og heiti bókarinnar gefur til kynna fjallar sagan um Jóa, sem er ellefu ára strákur með ríkt ímyndunarafl. Á vængjum þess flýr hann í draumaheim þar sem sjóræningjarnir Hafliði tvö nef og Sigurður fótur ráða ríkjum.

„Jói er náttúrlega bara strákur sem þolir ekki að horfa upp á ömurlegan raunveruleikann sem af drykkjuskap pabba hans hlýst. Hann flýr því inn í kollinn á sér og finnur útgönguleið. Í veruleikanum hefur Jóa í örvæntingu sinni falið vín fyrir pabba sínum í þeirri von að bjarga honum frá heimsins böli, en auðvitað snýst þetta allt í höndunum á honum og af stað fer atburðarás sem virðist bara geta endað með ósköpum,“ segir Þröstur.

## Blandar saman veruleika og fantasíu

„Ég byrjaði á sögunni fyrir

tuttugu árum síðan. Þá var reyndar allt önnur hugmynd í gangi. Síðan hef ég gengið með þetta í maganum öll þessi ár og sagan tekið miklum breytingum. Ég tók svo góðan skurk í henni fyrir um rétt rúmu ári síðan og kláraði hana.

Markmið mitt með bókinni er að blanda saman þessum tveimur heimum: Bláköldum veruleikanum og fantasíunni. Með bláköldum raunveruleika á ég við að sagt er frá hlutunum eins og þeir eru í raun og veru á alkahólísku heimili – hlutirnir eru bara einhvern veginn í klessu á einn eða annan hátt, hvernig sem á það er litið, og hvert barn sem býr við slíkar aðstæður veit að eitthvað mikið er að. Það eru ekki margar barnabækur sem taka á þeim veruleika. Ég geri mér þó grein fyrir því að maður ber ekki hvað sem er á borð fyrir börn, en er í leiðinni samt fullkornlega meðvitaður um það að maður lýgur ekki heldur að börnum. Börn vilja heyra sannleikann. Þau sjá strax í gegnum falsið.

Ég er samt ekki fylgjandi því að giraffar séu brytjaðir niður fyrir framan blessuð börnin og kastað fyrir ljónin, í uppfræðsluskyni,“ segir Þröstur vegna nýlegra fréttu frá Danmörku.

„Maður verður að finna einhvern meðalveg þarna. Af þeim sökum býr maður til sögu. Hún er sjálf útskýringin. Ég fylgi í raun hefðbundnum ævintýraformúlum, að hætti H.C. Andersens. En söguviðið er kannski pönkið

í sögunni. Að það skuli geta gerst ævintýri inni á alkahólísku heimili. En er það þversögn? Er það ekki ævintýri líkast þegar það rennur af fólki og það snýst til betri vegar?

En ég undirstika að þessi bók er alls ekki um eintómar hörmungar. Það er mikil vinátta og væntumþykja og kannski er hún einmitt sterkust á milli Jóa og pabba hans. Og svo fær guð að droppa við í sögunni. Og eins og með aðra guði setur hann mark sitt á söguna með afgerandi hætti.

Erfiðast við að skrifa bókinna fannst mér að fara úr raunveruleikanum yfir í fantasíuna án þess að það yrði kjánalegt. Það er alltaf erfitt að flakka á milli heima. En lausnin lá í ímyndunarafli Jóa. Ég nota það sem brú inn í hinn svokallaða Algötuheim – þar sem sjóræningjarnir ráða ríkjum.“

## Synirnir nýttir sem tilraunadýr

Sagan af Jóa hefur hlotið góðar viðtökur. Bláðamaður spyr því Þröst hvort hann telji að þörf hafi verið fyrir bók af þessu tagi, sem tekur á þessu málefni.

„Já, ég held það, það er líka alltaf þörf fyrir fjölbreytta flóru. Það er einmitt mjög flott við bókaárið í ár að það er mikil fjölbreytni í gangi. Bókabeitan sem gefur mig út hefur aldeilis hrist upp í markaðnum með fjölbreyttu úrvali barnabóka. Þær stöllur Marta og Birgitta mega vera stoltar af sínu verki, ég dáist

að hugrekki þeirra að gefa út sögu eins og Söguna af Jóa, því málefnið sem þessi bók snertir er ekki uppi á borðum alla daga. Öðru nær. Til að mynda hafa fjölmiðlar þessa lands ekki séð ástæðu til að rita bókadóm um þessa bók. Og svo hef ég fengið skömm í hattinn fyrir efnistökin, að fjalla um alkahólisma í barnabók, en þó aðallega frá fólki sem ekki hefur lesið bókina. Svo skritið sem það er. En ég vil taka það sérstaklega fram, að ég er ekki að segja að allar barnabækur eigi að vera af þessum toga, en það verður að vera úrval. Að mínu mati kom aldrei neitt annað til greina að skrifa um þetta efni í minni fyrstu bók.“

„Ég byrjaði einmitt að nota elsta son minn sem tilraunadýr með því að lesa fyrir hann söguna í byrjun og lokaspenninn tók yngsti sonur minn með mér. Það var alveg ómetanlegt að fá þeirra innlegg. Einnig fór ég í heim-sóknir í grunnskóla þegar bókin var komin út og las upp úr henni fyrir krakkana. Það var rosalega gaman enda eru krakkar alveg frábærir áheyrndur. Þau tóku mjög vel í söguna og voru mjög áhugasöm og spurðu mikið að lestri loknum. Hóparnir voru mistórir eftir skólum en eins og von er og vísa var oft galsi þegar krakkarnir voru saman komnir í stórum hóp, en um leið og maður byrjaði að lesa liðu þau bara inn í sagnaheiminn. Í raun og veru er auðveldara að ná upp stemmn-

ingu með lestri en tónleikahaldi.

## Önnur skáldsaga fyrir börn í bígerð

Þröstur ljóstrar því upp að hann sé byrjaður á annarri skáldsögu, sem er af allt öðrum toga.

„Sú bók er mun léttari en Sagan af Jóa. Hugmyndin að henni er reyndar líka nokkuð gömul en enn sem komið er hefur reynst mér mun léttara að skrifa hana. Hún er svona í Ole Lund Kirkegaard stíl. Beinskeytt og meitluð og ég er mikið að leika mér með karaktera og byggji þá á fólki sem ég þekki í raun og veru. Fólk verður því að passa sig þegar það hittir mig,“ segir Þröstur og hlær.

„Í Jóa fór ég þá leið að nota nöfn fólks sem ég þekkti á nokkrar persónur í bókinni. Þetta hjálpaði mér einfaldlega við persónusköpunina og mér fannst mér takast að gera trúverðugari persónur. Í Sögunni af Jóa er til dæmis minnst á Arnbjörn lækni, en hann starfaði sem læknir í Keflavík í minni bernsku. Eins kemur rannsóknarlögreglu maðurinn Víkingur Sveinsson við sögu, það vill reyndar þannig til að hann er pabbi eins besta vinar míns, en persónan í bókinni er þó gjörólík honum. Ég var alls ekki að skrifa um hinn raunverulega Víking sem slíkan, enda persónan í bókinni frekar lélegur pappír en Víkingur hinn eini sanni er indælismaður. En það hjálpaði mér að hafa hann sem fyrirmynd. Sömu sögu er að segja um Arnbjörn

Sælkerar vikunnar eru Mariam Esmail og Gunnsteinn Jónsson á Ísafirði

## Kuku Paka - kjúklingur í kókossösu

Foreldrar mínir gerðu þennan rétt oft þegar gesti bar að garði og ég var enn í foreldrahúsum. Kuku Paka er vinsæll sunnudagsréttur í Austur-Afríku og einn af uppáhalds réttum mínum í æsku. Ég geri þennan rétt reglulega fyrir fjölskylduna mína.

### Uppskrift fyrir 4-6

2-3 kjúklingalæriá mann (án skinns)  
3-4 hvítlausrif – kramin  
2 cm engifer – kramið  
1 ferskur chilli – fínt saxaður (má sleppa)

1 msk sítrónusafi  
Salt eftir smekk  
1 msk olía  
Meðalstór laukur, fínt saxaður  
4-6 meðalstórar kartöflur, skrældar og skornar í bita (má sleppa)  
2 þroskaðir tómatar, skrældir og fínt hakkaðir  
1/2 tsk túmerik  
200 ml af volgu vatni  
2 stórar dósir kókósmjólk  
Handfylli af fersku kóríander  
fínt saxað

Saltið kjúklingabitana. Hitið olíu og steikið laukinn. Bætið

kjúklingnum á pönnuna og steikið hann í ca. 5-10 mín á hverri hlið. Bætið kartöflum, hvítlauk, túmerik, engifer, chilli og tómötum á pönnuna. Steikið í u.þ.b. 5 mínútur. Vatni bæt út í og látið malla í ca. 15 mín. Bætið þá kókósmjólk út í og látið malla áfram í 10 mínútur, eða þar til kjúklingurinn er steiktur í gegn. Að lokum er kóríander og sítrónusafa bætt úti (saltið eftir smekk).

Borið fram með Bastmati hrísgrjónum og salati.

Við skorum á dóttur okkur, Sissú Gunnsteinsdóttur, að koma með næstu uppskrift.



lækni og reyndar fleiri persónur í bókinni.“

### Ekki hættur í tónlistinni

Þróstur byrjaði snemma að fást við laga- og ljóðasmíðar og segir hann að skriftir hafi fylgt sér alla tíð, í einu og öðru formi.

„Ég hef alltaf skrifað, alveg frá því að ég man eftir mér hef ég verið að skrifa sögur, ljóð eða annars konar texta. Það var þó alltaf ætlunin að fara út í tónlistina þegar ég var yngri. Mér finnst ágætt núna að geta tekið mér smá hlé í tónlistinni og einbeitt mér að skrifunum. Ég er þó alls ekki hættur í tónlistinni. Það er nú einu sinni þannig að þegar maður er að skrifa þarf maður að gefa sér góðan tíma í það. Ég er nú vinnandi maður og með stórt heimili svo það er gott að geta nýtt þann frítíma sem maður fær í bara eitt ákveðið verkefni. Maður þarf að skipuleggja sig vel því það er gífurleg vinna að skrifa skáldsögu. Maður rumpar því ekki af á einni helgi, nema maður ætli sér að skrifa vonda sögu.“

Hann segir að þrátt fyrir að um ólík skrif sé að ræða sé hafi reyntslan af ljóðasmíðum komið sér vel þegar hann tókst á við sína fyrstu skáldsögu.

„Þegar maður yrkir ljóð þarf maður að koma frá sér hugmynd í mjög hnitmiðuðu máli og ég hef alltaf haft gaman af því að búa til knappan texta. Ég er mjög hrifinn af því hvernig Charles Bokowski og Albert Camus skrifa. Þar er komið strax að kjarna málsins. Og maður þarf ekki að flýttifletta yfir margar blaðsíður, þar sem kannski einu grjóti er lýst frá öllum mögulegum sjónarhornum. Ég vil fyrir alla muni hafa hreyfingu á framvindunni og fjör. Ég á nokkrar smásögur í þessum anda, hugsaðar fyrir fullorðna, sem vonandi munu líta dagsins ljós einhvern tímann.“

### Tónelsk fjölskylda með rætur til bítlabæjarins

Þróstur ólst upp í bítlabænum Keflavík og því kannski ekki að undra að hann hafi leiðst út í tónlistina. Samhliða almennu námi stundaði Þróstur nám í Tónlistarskóla Keflavíkur og nam klassískan gítarleik. Hann vann í saltfiskverkun föður síns allan námsferilinn.

„Það lá eiginlega bara beint við að fara út í tónlistina og það allt saman byrjaði snemma. Ég tók þátt í Músíktílaunum með hljómsveitinni Ofris árin 1985 og 1986. Það er nú orðið ansi langt síðan, og þetta er enn í gangi, bara gaman að því. Með Ofris kom svo út platan Skjól í skugga 1987.

Síðan þá hef ég ýmislegt möndlað. Með hljómsveitinni Vonlausa tríóið kom út platan Vonlausa tríóið 1990. Með hljómsveitinni Texas Jesú platan

Jæja vinur 1993. Með Hinum guðdómlegu Neanderdalsmönnum platan Fagnaðarerindið 2012. Sólóplöturnar eru Aðrir sálmar 2006 og Vorið góða 2009. Það blundar alltaf í mér að fara taka upp meiri músík, það fer því ábyggilega að líða að því. Mér finnst fínt að taka hlé inni á milli en þegar ég kemst í gang koma vanalega nokkur lög í einu.“

Það má með sanni segja að eplið falli ekki langt frá eikinni í tilfelli Þrastar, en elsti sonur hans, Andri Pétur, er við tónlistarnám í Hollandi og kemur þar oft opinberlega fram.

„Það var nú ekki skrítið að hann skyldi leiðast út í tónlist, ég var nánast alltaf með gítar í hönd á hans uppeldisárum og þetta var og er ennþá alltumlykjandi á heimilinu. Synir mínir þeir Magni Jóhannes og Steinn Daníel að spila á saxófón, svo það er óhætt að segja að tónlistin sé ríkjandi þáttur hjá familfunni. Fróði Benjamín er svo undantekningin sem sannar regluna. Hann lét tónlistarnám alveg eiga sig. Bækur voru honum hugleiknari.“

Inntur eftir því hvað hafi orðið til þess að hann flutti búferlum vestur á firði er svarið einfalt: Það er var ástin.

„Halla mín [Guðbjörg Halla Magnadóttir] flutti mig inn. Hún kom suður í sólriku Keflavík til náms og fann mig, eða ég hana, einhvers staðar í Fjölbrautarskóla Suðurnesja. Og það varð ekki aftur snúið. Við bjuggum reyndar í Keflavík í ellefu ár og stofnuðum fjölskyldu. En vorum svo aðframkomin af góðærinu, að við sáum kost okkar vænstan að söðla um flytja vestur á Ísafjörð. Það var nú grín á milli mín og tengdó að ég væri að afplána þann tíma sem ég tók dóttur þeirra frá þeim þegar við bjuggum fyrir sunnan. Ég er nú löngu búinn afplána þann dóm,“ segir Þróstur glottandi og bætir svo við: „Ég kann mjög vel við mig á Ísafirði, hér er gott að búa. Og okkur líður ljómandi vel hérna.“

### Miklar breytingar orðið í Keflavík

Þrátt fyrir að vera búinn að koma sér vel fyrir á Ísafirði eru bernskuslóðirnar ekki fjarri huga hans, en söguviðið í Sögunni af Jóa er einmitt Keflavík.

„Stóra bryggjan, Hafnarsjoppa og Hafnargatan koma við sögu í bókinni. Ég skifa söguna að sjálfsgöðu með æskuslóðir mínar að leiðarljósi. Að vísu kalla ég bæinn þar sem sagan gerist Skálavík, svona aðallega til að setja smá Laxness í þetta. En það er skemmtilegt frá því að segja, að myndirnar sem listamaðurinn Pétur Guðmundsson teiknar í bókina eru greinilega hugsaðar hér fyrir vestan, með stórbrotnum fjöllum og tilheyrandi. Ég skrifa hins vegar söguna með hausinn fyrir sunnan. Þarna finnst mér

myndast skemmtilegt mótvægi, sem gefur bæði sögunni og myndunum meiri dýpt. Þáttur Péturs er ómetanlegur í bókinni og teikningar hans frábærar. Enda Pétur ljúflingur fram í fingurgóma og snillingur.

Og af einhverjum sökum er Keflavík loksins dottin í tísku sem söguvið, því núna um jólin gaf Jón Kalman út bókina Fisk-

arnir hafa enga fætur. Og árið 2012 kom svo út bók Mörta Eiríksdóttur, Mei mí beibisitt. En hingað til hafa ekki svo margar bækur verið skrifaðar um Keflavík. Ef þá nokkrar.

Það sem á hefur gengið í Keflavík á undanförunum áratugum er efni í margar sögur. Þar hafa orðið miklar breytingar. Fyrst með brothvarfi kvótans og síðan hers-

ins. Það sér í raun ekki enn fyrir endann á þessu havarí.

En strákarnir mínir líta á Keflavík sem algjöra paradís. Við fjölskyldan förum þangað reglulega og heimsækjum vini og vanda menn. Og bara svo við höldum því til haga. Kokkteilsósan var fundin upp í Keflavík,“ segir Þróstur Jóhannesson.

– Thelma Hjaltadóttir.



# Gerir ekki upp á milli



## UPPSTOPPUN



KRISTJÁN FRÁ GILHAGA  
SÍMI 892-8154

Drekagili 9 • 603 Akureyri  
kr.st@simnet.is



Tálknfirski leikarinn Ársæll Níelsson hefur verið ígrípamikill bæði á sviði og hvíta tjaldinu undanfarin ár. Nýlega lék hann í auglýsingum fyrir Íslandsbanka og hann er einn þeirra sem standa að vestfirski kvikmyndafélaginu Glámu. Blaðamaður tók hús á Ársæli og rakti úr honum garnirnar um ferilinn og framtíðina.

### Hollt að prófa að vera beggja megin

Auk þess að hafa starfað í dágóðan tíma með Kómedíuleikhúsinu, bæði við leik og skrif, hefur Ársæll komið að gerð nokkurra kvikmynda. Nú síðast í tveimur stuttmyndum úr smíðju Glámu og bolvískri kvikmynd. „Ég bæði leikstýrði og lék í stuttmyndunum Salti og Kumli auk þess að koma að handritaskrifunum. Eins lék ég í hinni bolvísku stórmynd Albatross sem kemur

til sýninga vonandi á fyrri hluta þessa árs.“

Ársæll hefur verið nokkuð jafnvígur á sviði og hvíta tjaldinu, en þegar hann var inntur eftir því gat hann ekki gert þar upp á milli.

„Hvort tveggja er jafn ótrúlega spennandi og svo ólíkt að það er eins og að bera saman epli og appelsínur. Maður þarf að vera snöggur til og spontant fyrir framan myndavélina og svo líða mánuðir þar til maður sér útkomuna. En í leikhúsinu er maður stanslaust að pússa verkin til og leyfa þeim að þróast. Til dæmis var ég aldrei fyllilega ánægður með túlkun mína í Skáldinu á Þróm fyrir en á síðustu sýningu þegar mér fannst ég loks hafa neglt það.

Það er því ansi ólíkt því að þurfa eingöngu að spá í framtíðina sína fyrir framan myndavélina og leyfa öðrum að sjá um alla aðra hluti. En eftir að ég

settist í leikstjórastólinn hlaut maður aðra sýn á ferlið. Ég held að það sé öllum sem eru í þessum bransa hollt að prófa að vera beggja megin við myndavélina.“

Er talið berst að leikverkinu Skáldið á Þróm sem fjallar um alþýðuskáldið Magnús Hj. Magnússon uppljóstrar Ársæll að hann sé að vinna að nýrri útgáfu af einleikum sem Kómedíuleikhúsið sýndi árið 2012. Verkið hlaut mikið lof en eins og margir vita var Magnús fyrirmynd Ólafs Kárasonar Ljósavíkinga í Heimsljósi Laxness.

„Ég hef í þó nokkum tíma verið að kafa dýpra í verkið og bæta við það. Margir vilja vita hvað hann var meira en fyrirmynd Ljósavíkinga. Í verkinu er nánast bara fjallað um snertifleti dagbóka Magnúsar og Heimsljóss.

Til þess að geta varpað frekara ljósi á ævi Magnúsar þarf ég að

fara í Þjóðarboðklöðuna og grúska frekar í dagbókum hans. Það væri gaman að geta svo gefið út endurbættu útgáfu. Hvort um verði þá að ræða einleik eða hvort ég bæti við persónum á eftir að koma í ljós, en ég ætla bara að sjá hvert efniviðurinn tekur mig. Stefnan er að þetta sé komið á lagginn næsta vetur.“

### Að leika í auglýsingu

Ársæll hefur verið áberandi í sjónvarpsauglýsingum undanfarin misseri og þá helst fyrir Íslandsbanka. Hann segir það ferli vera allt öðruvísi en það að leika í kvikmyndum og á fjölnum.

„Það er stórt teymi sem er búið að hugsa hvernig auglýsingin eigi að vera tekin og allt er klárt þegar maður mætir á staðinn. Þá tekur við keyrsla þar sem tíminn er jú peningar og því hefur maður lítið svigrúm til neins annars en bara

# sviðsins og hvíta tjaldsins



sem allir eru boðnir og búnir til þess að styðja við bakið á manni og hjálpa að koma hlutunum á kopp. Vestfirðir er að því leyti góður skóli fyrir listamenn.“

#### Stefnan að gera stórmynd

Ársæll segist eiga von á spennandi tímum framundan hjá Glámu. Sker hefur nú þegar verið sýnd á einni stuttmyndahátíð og Gláma búin að fá boð um að hún verði sýnd á annarri. Hún er byggð á sönnnum atburðum þegar reyndur kajakræðari komst í hann krappan í Arnarfirði fyrir nokkrum árum. Eyþór Jónsson bæði leikstýrði og skrifaði handritið. Sú

mynd var sýnd á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni Northern Wave sem fór fram á Grundarfirði á norðanverðu Snæfellsnesi í haust. Svo kom nýlega boð um að taka þátt í annarri fjölþjóðlegri kvikmyndahátíð sem fer fram á netinu.

Sker, Kumli og Gláma eru þær þrjár myndir sem eru tilbúnar, en ein stuttmynd og tvær heimildamyndir eru í eftirvinnslu. „Við ætlum aðeins að dunda okkur við það, en vonandi verður Salt tekin til sýninga fljótlega. Við tókum upp myndina í Reykjanesi síðasta haust. Hún fjallar um mann sem kemur til Reykjaness

til að vinna í saltframleiðslunni. Skömmu áður hafði forveri hans horfið sporlaust og fljótlega eftir að hann mætir á staðinn fer fólk að týna tölunni. Það er því spurning í hvaða vandræði hann er kominn.

Svo er ætlunin að koma þessum vestfirska þrileik, sem samanstendur af Glámu, Kumli og Salti, í einn pakka og reyna komast sem víðast. Vonandi verður hagnaðurinn nægur til að fjármagna næsta verkefni, en það er í deiglu að mynda fyrr eða síðar kvikmynd í fullri lengd.“

– *Thelma Hjaltadóttir.*



## ÍSAFJARÐARBÆR

### Auglýsing um deiliskipulag fyrir miðbæ og hafnarsvæði á Þingeyri, Ísafjarðarbæ

Í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkt ofangreinda deiliskipulagstillögu á fundi sínum þann 6. febrúar 2014.

Deiliskipulagið tekur til miðbæjar- og hafnarsvæðis á Þingeyri, þ.e. byggðar við Fjarðargötu og Hafnarstræti milli hafnar og upp fyrir Brekkugötu. Skipulagssvæðið er um 19,2 ha að stærð.

Með samþykkt tillögu að deiliskipulagi þessu fellur deiliskipulag hafnarsvæðis frá árinu 2001 úr gildi.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 7 óráðstöfuðum lóðum á athafna- og þjónustusvæði, á miðbæjarsvæði eru tvær lóðir sem ætlaðar eru fyrir nýbyggingar, Fjarðargata 3 og 12

Sérstök áhersla er lögð á verndun elstu byggðarinnar og uppbyggingu gamalla húsa.

Gert er ráð fyrir að færa Gramsverslun frá Vallargötu 1 yfir á nýja lóð við Hafnarstræti.

Deiliskipulagstillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum í Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði og á heimasíðu Ísafjarðarbæjar [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is) frá og með 27. febrúar 2014 til og með 11. apríl 2014. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna. Skila skal inn athugasemdum á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði. Þeir sem ekki gera athugasemdir við skipulagstillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

Ísafirði 21. febrúar 2014.  
Jóhann Birkir Helgason, sviðstjóri framkvæmda- og eignasviðs.

vinnu og í sjálfu sér ekki mikið sköpunarferli sem felst í því hjá manni sjálfum. Það er í raun bara meira eins og hver önnur dagvinna, rétt eins og skella sér í slægingu. En það borgar reikningana og maður verður bara að taka því sem býðst.“

#### Draumurinn að slá í gegn

Ársæll er fluttur til höfuðborgarinnar þangað sem hann fylgdi eiginkonu sinni, Auði Birnu Guðnadóttur, sem stundar þar framhaldsnám.

„Á meðan hún er í skóla hef ég verið að vinna á daginn við að setja upp kælitæki og að þjóna á kvöldin. En nú hef ég fengið starf sem viðskiptastjóri hjá Birtingi.

Í frítíma mínum reyni ég að sinna fjölskyldu og skriftum en þegar tíminn er svona takmarkaður verður eitthvað að sitja á hakanum og það verður því miður

oft á tíðum skriftarnar. Ég myndi vel vilja geta eytt meiri tíma við sköpun, en það verður bara að bíða betri tíma.“

Aðspurður hvort von sé á þeim hjónakornum aftur heim á Vestfirðina að loknu námi segir Ársæll að það verði að fá að ráðast.

„Í raun er ekkert útilokað. Eitt af markmiðum mínum er að verða leikari í fullri vinnu innan nokkurra ára, en ef það tekst ekki, þá kem ég aftur vestur og held áfram því sem ég var að gera þar. En stóri draumurinn er að slá í gegn í borginni. Allavega er ætlunin að reyna láta sjá meira af mér, og þá víðar.“

Ársæll segir þó gott að vera listamaður fyrir vestan. „Maður hefur fjölbreyttari tækifæri fyrir vestan, en ætli það sé ekki sérhæfðara í höfuðborginni. Það er líka auðveldara að vera sjálfstætt starfandi og skapandi þar

## Sportið í beinni...

**Fimmtudagur 27. febrúar**  
 kl. 18:00 Salzburg - Ajax  
 kl. 18:00 Napoli - Swansea  
 kl. 19:00 Honda Classic golf  
 kl. 20:00 Tottenham - Dnipro  
 kl. 20:00 AZ Alkmaar - Slovan

**Föstudagur 28. febrúar**  
 kl. 19:00 Honda Classic golf

**Laugardagur 1. mars**  
 kl. 18:00 Honda Classic golf

**Sunnudagur 2. mars**  
 kl. 18:00 Honda Classic golf

## Dagar Íslands

**27. febrúar 1953:** Barnaskólahúsið í Hnífsdal f auk grunni og gjöreyðilagðist í stórviðri af suðvestri. Í húsinu voru tveir kennarar og 36 börn og slösuðust sum þeirra.

**27. febrúar 1975:** Samþykkt var að friðlýsa Hornstrandir norðvestan Skorarheiðar í Norður - Ísafjarðarsýslu.

**28. febrúar 1950:** Clam, breskt olíuskip, fórst við Reykjanes. Björgunarsveit frá Grindavík bjargaði 23 mönnum en 27 skipverjar fórust. Flestir þeirra voru kónverskir.

**1. mars 1989:** Bjórdagurinn. Framleiðsla og sala á áfengu öli var leyfð eftir 74 ára hlé. Bjórfrumvarpið var samþykkt á Alþingi 10. maí 1988.

**2. mars 1940:** Þýsk herflugvél réðst að togaranum Skutli frá Ísafirði þegar hann var á siglingu við Bretland. Enginn slasaðist. Þetta var fyrsta árásin sem íslenskt skip varð fyrir í heimsstyrjöldinni.

**4. mars 1971:** Uppstoppaður geirfugl var sleginn Íslendingum á uppboði í London, en safnað var fyrir honum um land allt áður en uppboðið fór fram. Fuglinn er í dag hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.

## Helgarveðrið

**Horfur á föstudag:**  
 NA 13-20 m/s með snjókomu um NV-vert landið. Hiti í kringum frostmark.

**Horfur á laugardag:**  
 Norðaustanátt og él, en yfirleitt þurr SV-lands. Heldur kólnandi veður.

**Horfur á sunnudag:**  
 Austlæg átt, skýjað og víða dálítil él. Vægt frost.

				1	2	3	4	5	6	7	8
				Greindir	↘	Harma Nauman Sömu	↘	Samhlj.	Kona	↘	Hagur Vand-ræði
				→		8					↘
Jón Steingr.	↓	↘	Slái	List				Mán. (stytting)			
			Segja	Öf. tvíhlj.				Þvaður Vindur			
Garmur				7		Siðaði					
Vörn Grun						Forar					
	↘				↘		✓		Flókt		
									Sérhlj.		
Gera gælur				↘						✓	↘
											Fugl
Eins			Þorpara						Ákafur	5	
			Áfengi						Átt		
Ísl. stafur	3	Býli			Örlæti						4
		Afgjald			Fuglar						
Teikni-blek	↔					Sk.st.			Stafur		
						Til ↑			Rækta		
Volk							Eink. st. skipa	✓		Samhlj.	
							Slóðar			Spil	
Á fæti			Maður Skóli			6					↘
Náttúrunni			Erfiðan			↑					
	↘					Dugn-aður					Burðar-dýr
						Ónæði					
Tautar		2							Mann		
Tæpast									Áhald		
	↘					Bækling				Klaki	
						Átt				Sólguð	
Tala		Svar Vitið									
Veiki		Sérhlj.									
	↘					1	Meiða				

# BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðapjónusta  
 Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði  
 Sími 456 3501 • www.bilaverid.is



Gámapjónusta  
 Vestfjarða ehf

### BROTJÁRN

Parftu að losna við brotajárn?  
 Tökum á móti brotajárni og útvegum gáma undir það.

Sími: 456 3710  
 gamarvest.is

# Lausn á síðustu krossgátu

# Tungudalsvöllur stækkaður

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar leggur til við bæjarstjórn að samþykkja beiðni Golfklúbbs Ísafjarðar um afnot af landskíka fyrir nýja golfflöt utan við 8. flöt vallarins og nýjan teig ofan við núverandi 9. teig á Tungudalsvelli. Í umsókn GÍ kemur fram að ekki sé um umtalsverða stækun að ræða en að hún geri klúbbsnum kleift að lengja tvær brautir.

Stjórn GÍ lét Hannes Þorsteinson golfvallafræðing endurhanna golfvöllinn í Tungudal með framtíðarmarkmið í huga og kom hann með þá tillögu að lengja þessar tvær brautir til að gera völlinn áhugaverðari. Hannes segir í skýrslu sinni, að það sé álit hans að völlurinn hafi alla burði til að verða einn af fallestri og skemmtilegri nú holi golfvöllum landsins.

## Leikskólagjöld lækka

Ísafjarðarbær er eina sveitarfélagið á lista 15 stærstu sveitarfélaga landsins sem er með lægri leikskólagjöld í ár en árið 2010. Miðað er við átta stunda vinstun með fæði án afláttar. Árið 2010 voru leikskólagjöld í Ísafjarðarbæ þau langhæstu eða 7.300 kr. hærri en meðaltalið.

Í ár hefur dregið saman við meðaltalið og þau 1.600 krónum hærri en meðaltalið. Á tímabilinu hafa meðal leikskólagjöld hækkað um 31% en lækkað um 2% í Ísafjarðarbæ. Lægstu gjöldin eru í Reykjavík og 2010 voru leikskólagjöld í Ísafjarðarbæ 66% hærri en í Reykjavík en munurinn hefur lækkað niður í 33% á þessu ári.

## Skoti til BÍ

Skoski knattspyrnumaðurinn David Sinclair er genginn til liðs við BÍ/Bolungarvík. Sinclair er 23 ára miðjumaður sem lék í sex ár með Livingston þar sem hann vann meistarátíla í C- og D-deildunum skosku en síðan með Ayr United í C-deildinni, þar sem hann skoraði 10 mörk í 27 leikjum, og með Airdrieonians í C-deildinni í vetur. Þar spilaði hann 14 leiki og skoraði eitt mark en var leystur undan samningi í janúar.

### smáar

Til sölu eru 32 norskir segulnaglar, 5,5 mm lína í góðu standi, 70 stálstokkar fyrir beitirstrekk, 10 grænínur, 12 nýlegir krókar, beitningargámur með frysti, makrílgræjur og ýmsar aðrar útgerðarvörur. Uppl. í sínum 847 1350 og 772 1350.

		Jón Steingr.		T	S			E
		P	O	T	T	O	R	M
		L	R	Á	R		U	M
↓	↘	K	Ö	F	L	Ó	T	T
H	É	R	I	N	N	S	K	E
	G	Æ	L	A		Ö	F	U
	↓	K		L	O	S	A	R
Á	F	A	L	L	S	N		A
	É	L	I		T	Ö	G	G
Ö	K	L	A	R		P	A	N
	K		N	Á	N	U	M	Á
	↘	G	Ó	Ð	A	N		N
G	R	I	Ð	S		U	M	A
	Á	F	A	L	L	M	Ú	R
A	M	T		A	A		S	K
		A	N	G	U	R	A	O
	S	N	Ú	S	S		R	Ó

## Sudoku þrautir

	4						8	
		5		6	3			
3		9						
	8	3		2	9	5		
6				4				8
		4	7	8		6	3	
						1		6
			8	1		4		
	7							5

3						5		
2			7					
	4				5	8		6
6		9		7		1		
	8		9		3		2	
		4		8		6		9
4		3	2				6	
					7			3
		5						7

# Þjónustuauglýsingar

**JAKOB VALGEIR EHF**  
 Grundarstíg 5  
 415 Bolungarvík  
 450 7700

**H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf**  
 Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

**66°N** Sjóvinnufatnaður  
 Stígvél og vettlingar  
 Þjónusta í heimabyggð 1983-2013

**Öll almenn húðasmíði**

Bolungarvík  
 456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Umboðsaðili fyrir **GLERBORG**

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði  
[www.verkvest.is](http://www.verkvest.is)

**ENDURSKOÐUN** VESTFJARÐA ehf  
 Sími í Bolungarvík 450 7900  
 Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

**Bílasala**  
 456 3800  
**Bílaverkstæði**  
 456 4580

**Suðurgötu 9**

**Rækjuvinnsla:**  
 Sindragötu 1 • 400 Ísafjörður • Sími: 450 4000  
**Fiskvinnsla:**  
 Hafnargötu 90 • 415 Bolungarvík • Sími 450 7507 / 863 2600

**HRADFYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.**  
 - sjálfbær niðring sjávarauðlinda

# SAMSUNG LÆKKAR VERÐ

SAMSUNG

6475 LÍNAN 200 Hz · LED skjár · SMART TV · 3D · Innbyggt þráðlaust net



Svona eiga  
sjónvörp að vera

32" = 154.900

40" = 189.900

46" = 219.900

55" = 329.900

65" = 549.900

(Uppselt - kemur aftur 14. mars)

Gríptu tækifærið!  
Frábær myndgæði!



## Þvottavélar af bestu gerð

WF600B4BKWQ

- Tekur 6 kg. af þvotti
- Vinduhraði  
allt að 1200 sn./mín.
- Kolalaus móttor
- Verð **96.900.-**

## EcoBubble þvottavél

WF72F5E4P4W

- Tekur 7 kg. af þvotti
- Vinduhraði  
allt að 1400 sn./mín.
- Kolalaus mótör
- Verð **119.900.-**



## Frábær þurkari

DV70F5E0HGW

- Tekur 7 kg. af þvotti
- Varma dæla
- Orkunotkun A++
- Verð **169.900.-**



## Afburða upppvottavél

DW-UG721W

- 14 manna stell
- 7 þvottakerfi
- 3 grindur
- Grind efst fyrir hnífapör
- Orkunotkun A++
- Hljóðlát aðeins 44db
- Verð **142.900.-**

**PRISTUR** **ORMSSON**

// HAFNARSTRÆTI 12 · ÍSAFIRÐI · SÍMI 456 4751

12 mánaða  
vaxtalausar  
raðgreiðslur

Sjá nánar:  
samsungsetrid.is